

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/925**  
**komudagur 12.12.2007**



Nefndasvið Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

TÞH/HOO/hþ

10.12.2007

**Athugasemdir RARIK ohf. við Þskj. 43**


Í greinargerð frumvarpsins er aðallega fjallað um leynd á raforkuverði til stóriðju og samninga opinberra aðila við virkjunaraðila. Af því má álykta að tilgangur frumvarpsins sé að fá upplýst raforkuverð til stóriðju og væri þá eðlilegt að það kæmi fram í frumvarpstextanum sjálfum.

Með tilkomu nýrra raforkulaga varð mikil breyting á rekstrarumhverfi raforkuframleiðenda. Þeir eru nú í samkeppni sín á milli á frjálsum markaði á svipaðan hátt og fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum enda var það yfirlýstur tilgangur laganna. Það er því eðlilegt að um þá gildi sömu reglur og almennt í viðskiptum á samkeppnismarkaði. Í samkeppnisumhverfi er ekki gerð krafa um að gefa upp verð í samningsbundnum viðskiptum milli aðila.

Nýjar virkjanir geta bæði verið stórar og smáar, í opinberri eigu eða einkaeign sbr. bændavirkjanir. Virkjunaraðilum er frjálst að selja raforku til margra kaupenda og verðleggja það misjafn eftir markaðsaðstæðum, eðli vörunnar, samningstíma o.s.frv., þar sem verð til hvers og eins eru ekki aðgengileg öðrum nema þegar um útboð er að ræða. Almennir raforkukaupendur hafa heimild til að segja upp orkusölusamningi með minnst þriggja mánaða fyrirvara eða breyta innkaupum sínum. Að skylda virkjunaraðila til að veita opinberar upplýsingar um raforkuverð frá nýrri virkjun til kaupenda er sambærilegt og að nýr verslunareigandi þyrfti að gefa opinberar upplýsingar um verð á vörum í versluninni áður en byggingarleyfi er afgreitt. Það gæti valdið óeðlilegri stöðu gangvart keppinautum og kaupendum.

Til að fá upplýsingar um verð til stóriðju er eðlilegast að taka það eitt og sér til athugunar, ef í því eru taldir miklir þjóðhagslegir og opinberir hagsmunir, án þess að breyta rekstrarumhverfi raforkuframleiðenda frá því sem almennt gerist um samkeppnisrekstur í landinu.

Virðingarfyllst,

  
forstjóri



RA-27187